

Áfangalýsing

Titill	Hármótun 3
Námsgrein	Hármótun
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HMÓT2HG04
Staða	
Þrep	2
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HMÓT2HG04
Lýsing	Nemandinn öðlast aukna færni og sjálfstæði í klassískum blæstri oghármótun auk ýmiskonar tískublástura. Unnið er með ýmsar hárlengdir og form og fjölbreyttar aðferðir til að ná fram því sem óskað er eftir með því að nota ólík mótunarefni, hitatæki og bursta/greiður. Þá verður rætt um framkomu og háttvísi á „vinnustað“ þar sem eru viðskiptavinir. Verkefni eru unnin á módelum og æfingarhöfði.
Forkröfur	HMÓT2HG04
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • vali og notkun mótunarefna sem hæfa ólíkum hárgerðum. • mismunandi tækni við blástur á stuttu og síðu hári. • ólíku upprúlli og úrgreiðslum miðað við fyrirhugaða útkomu. • mismunandi stíl og stílbrigðum á hárgreiðslum. • áhöldum og efnum sem notuð eru við hárgreiðslur. • Mikilvægi hitatækja sem liður að undirbúningi hárgreiðslu.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • blása stífan rúllublástur í fyrir fram ákveðið form. • framkvæma blástur eftir óskum viðskiptavinar. • velja mótunarefni sem hæfir hárgerð viðskiptavinar. • blása form og bylgjublástur. • útfæra greiðslur í mismunandi hárlengdir. • móta hár með rúllum, járnum, nálum og klípum. • nota viðeigandi hárskraut. • móta blautbylgjur í mismunandi útfærslum. • útfæra mismunandi tímabilagreiðslur.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • framkvæma blástur í sítt og stutt hár eftir óskum viðskiptavinar. • ráðleggja viðskiptavini um val á blæstri við hæfi. • blása hár módel/viðskiptavinar á viðeigandi hátt. • velja mótunarefni við hæfi. • blása/forma stutt hár í mismunandi form. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis. • Kynna hugmyndir sínar • útfæra ólíkar greiðslur fyrir mismunandi hárgerðir og – lengdir. • Framkvæma greiðslu skv. óskum viðskiptavinar • Sýna háttvísi og fágaða framkomu í kringum viðskiptavini

Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	